



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 40 ára afmælishátíð Grindavíkur**

**Grindavíkurkirkju
10. apríl 2014**

Ágæta bæjarstjórn
Grindvíkingar
Góðir gestir

Það er mér og okkur Dorrit gleðiefni að vera með ykkur á þessum tímamótum; hafa fyrr í dag heimsótt æskuna á vettvangi skólans og samglaðst með eldri borgurum í veglegu afmæliskaffi þar sem terturnar voru að sjálfsögðu í stíl við góðar hefðir Grindvíkinga. Það var líka eftirminnileg stund að vera viðstaddur hátíðarfund bæjarstjórnarinnar.

Byggðin hér við ströndina, saga sjósóknar og fiskvinnslu, glíman við ofsaveðrin, bátarnir í brimgarðinum, vegferðin frá fátækt fyrri tíma, fórnirnar sem færðar voru, ekkjur, börn og ættingjar syrgja hina látnu – allt eru þetta þættir í sögu Grindavíkur; já, raunar saga Íslands.

Ég hef oft sagt við erlenda gesti, þjóðhöfðingja og áhrifafólk sem heimsækir okkur, að fundirnir á Bessastöðum eða í Stjórnarráðinu komi ekki að fullu gagni til að skilja til hlítar hlutskipti Íslendinga, vegferðina á tímum sjálfstjórnar. Vænlegra sé að koma við í Grindavík, fara fyrst í Saltfisksetrið og sjá vitnisburðinn um harða lífsbaráttu kynslóðanna, aðbúnaðinn, myndir af fátæku þorpi fyrri tíðar – og halda svo um hina glæsilegu byggð nútímans, koma á höfnina og atvinnusvæðin, skoða íþróttamannvirki og skólahús, aka um göturnar og sjá íbúðarhúsin sem auðæfi hafsins hafa fært fólkinu; heimsókn til Grindavíkur sé á þann veg efnisrík kynning á árangri Íslendinga; þjóðarsagan í hnotskurn byggðarlagsins.

Svo sýnið þið líka góðum gestum nýjar leiðir við nýtingu á jarðhita, hafið gert nágrennið að eins konar alþjóðlegu verkefnasvæði hreinnar orku: Bláa lónið og læknamíðstöðin; gróðurhúsin og nýsköpun í þágu heilbrigðis; ferðaþjónusta hinnar nýju aldar orðin burðarás í krafti samvinnu við Grindavík.

Vegferð ykkar á þessum áratugum er reyndar svo merkileg að hún færir þjóðinni margvíslega lærdóma, efnivið í bjartsýni og baráttuhug, framfaravilja á erfiðum tímum.

Þó er mikilvægast hve vel hefur tekist að rækta hér góða kosti hins fjölþætta mannlífs, samstöðu sem ávallt hefur yfirunnið ágreining, keppnisskapið sem kannski birtist best á velli íþróttanna þegar liðin ykkar landa góðum sigri. Það skilur enginn sálarlíf Grindvíkinga til hlítar nema mæta hér á leik; sjá alla, unga og eldri, karla og konur, sameinast í þróttmiklum og jafnvel háværum stuðningi við sína menn.

Það hefur verið mér dýrmætt að eiga ykkur að góðum vinum, geta komið hingað oft og reglulega, jafnvel stundum án sérstaks tilefnis, bara til að fara niður á höfn, horfa á hafið, skynja mannlífið, hárfínan samleik byggðar og náttúru.

Grindavík hefur ætíð minnt mig á rætur mínar fyrir vestan, á veganestið sem sjávarplássið færði mér og hefur reynst notadrygra en flest annað sem drifið hefur á dagana.

Ég get reyndar gert þá játningu að þegar ég á stundum stormasömum ferli hef þurft að finna lausnir á erfiðum vanda hef ég oft leitað til jarðbundinna Grindvíkinga og spurt um ráð, leiðarvísa um ótroðnar slóðir, stefnuna í átt til lausnar. Og ávallt hafa hinir vitru Grindvíkingar, hertir í átökum við brimið og umrót hafsins, vísað mér á rétta leið. Þess vegna meðal annars er ég enn að sinna skyldum þessa embættis og því þakka ég ykkur fyrir traustið og vináttuna og færi öllum Grindvíkingum hér í dag einlæggar hamingjuóskir Íslendinga.

Þjóðin getur vissulega lært margt af Grindvíkingum þótt seint geti forseti lagt það til að fylgt verði því fordæmi Grindvíkinga að sjómanna dagurinn sé jafnan hátíðlegri en 17. júní! Þá skartar Grindavík ætíð sínu besta eins og þið hafið reyndar einnig gert í dag.

Til hamingju með afmælið!